



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 14. september 2026

MSS26090042

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stöðu verkefna á verkefnalista meirihlutans

Á fundi borgarráðs þann 10. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Miðað við það að 100 daga frestur verkefnalistans er liðinn er óskað eftir svörum um eftirfarandi sem samkvæmt listanum er lokið eða hafið: a. Hver eru mælanlegu markmiðinn um aukinn árangur í skólastarfi? b. Hvaða grunnmælingar er verið að miða við til að mæla árangur símafrís? c. Hver er staðan á viðræðum við vinnustaði um leikskóla eða daggæslu fyrir börn starfsmanna? d. Hvenær var sniðin umgjörð um dagheimili, nýtt daggæslustig fyrir 12-30 mánaða börn í Reykjavík og hver er umgjörðin? Málið hefur ekki ratað inn til leikskóla- og daggæsluráðs. e. Við hvaða einkaaðila eru hafnar samningaviðræður um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis fyrir leikskóla og dagheimili í Reykjavík? f. Hver er staðan á samtali við ríkisstjórnina og nágrannasveitarfélög um endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, fjármögnun hans og framkvæmdahraða? g. Hvaða vinnu er lokið við að greiða úr gjaldskyldufrumskógi bílastæða í miðborginni? h. Hvaða aðskotahlutir hafa verið fjarlægðir úr bílastæðum í miðborg? i. Hver var afrakstur endurskoðunar fyrirhugaðs deiliskipulags við Suðurlandsbraut, fyrst þeirri vinnu er lokið? j. Það er búið að treysta markaðnum til að byggja húsnæði sem eftirspurn er eftir samkvæmt verkefnalistanum, hvernig er eftirfylgnin með því? k. Hvaða ný tækifæri er búið að skoða í samráði við íbúa í stað þéttingar í Grafarvogi? l. Hvernig er búið að tryggja að bílastæði fylgi nýjum íbúðum sem byggðar eru fyrir eldra fólk? m. Hvar er tilkynningavefurinn vegna ofbeldis gagnvart eldra fólk, þar sem þeirri vinnu er greinilega lokið? Óskað er eftir að svar við fyrirspurninni verði lagt fram á næsta fundi borgarráðs, þar sem gögnin liggja greinilega fyrir enda er búið að haka við að verkefnunum er lokið.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Hver eru mælanlegu markmiðinn um aukinn árangur í skólastarfi?

Samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. júní sl. að Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) verði lagður fyrir í borgarreknum grunnskólum einu



Reykjavík



sinni á ári í sérhverjum árgangi. Jafnframt verði tryggt að unnið verði markvisst með niðurstöður prófanna og þeim fylgt eftir með aðgerðum, með það að markmiði að hámarka líkur á námslegum framförum allra nemenda.

Markmiðið er að tryggja jafnræði í námi, styðja faglegt starf skóla og bæta námsárangur og til lengri tíma að skólakerfi Reykjavíkurborgar verði í fremstu röð. Til þess að svo megi verða eru sett tvö mælanleg markmið sem fylgt verður eftir með árlegum gögnum matsferilsins:

1. Að hækka, á hverju skólastigi og ár frá ári, hlutfall nemenda sem nær væntri framvindu milli ára samkvæmt aldursbundnum viðmiðum matsferils.
2. Að fækka markvisst í þeim hópi nemenda sem mælist undir hæfniviðmiðum í lesskilningi, lesfimi og stærðfræði, jafnt í öllum skólum, óháð félagslegri stöðu.

Hvaða grunnmælingar er verið að miða við til að mæla árangur símafrís?

Notaður verður matsferill, valdar breytur úr Skólapúlsi og starfsumhverfiskönnun kennara. Þórhildur Halldórsdóttir, dósent við sálfræðideild HR, mun hanna rannsóknarsniðið og stýra rannsóknarvinnunni en hún hefur áður rannsakað símafrí í grunnskólum á Íslandi meðal annars með tilliti til líðan.

Hver er staðan á viðræðum við vinnustaði um leikskóla eða daggæslu fyrir börn starfsmanna?

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að reka leikskóla eða daggæslu á vinnustað. Óformleg samtöl hafa átt sér stað í kjölfarið en nýtt fyrirkomulag kallar á breytt regluverk. Unnið er að því í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Hvenær var sniðin umgjörð um dagheimili, nýtt daggæslustig fyrir 12-30 mánaða börn í Reykjavík og hver er umgjörðin?

Unnið hefur verið að nýrri umgjörð um dagheimili í Reykjavík. Tillögur hafa verið sendar mennta- og barnamálaráðuneytinu en ný umgjörð kallar á reglugerðarbreytingu. Samstarf við ráðuneytið hefur verið mjög gott.

Við hvaða einkaaðila eru hafnar samningaviðræður um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis fyrir leikskóla og dagheimili í Reykjavík?

Í sumar var undirritað samkomulag við Reiti um uppbyggingu skólahúsnæðis fyrir Hjallastefnuna í Reykjavík, við Nauthólsveg. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að hraða deiliskipulagsvinnu og taka þátt í húsnæðiskostnaði í formi rekstrarframlags með skólastarfseminni. Nú stendur yfir vinna við að kortleggja lóðir þar sem unnt verður að auglýsa eftir fleiri einkaaðilum til að standa að uppbyggingu leikskólahúsnæðis. Nýlegt dæmi um vel heppnaða einkaframkvæmd er leikskólinn sem rís nú í Elliðaárdal.

Hver er staðan á samtali við ríkisstjórnina og nágrannasveitarfélög um endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, fjármögnun hans og framkvæmdahraða?

Borgarstjóri hefur átt fundi með bæjarstjórum nágrannasveitarfélaga og ráðherrum vegna samgöngusáttmálans. Framundan eru frekari fundahöld vegna samgöngusáttmálans, mögulegrar endurskoðunar og umræðu um fjármögnun hans.

Hvaða vinnu er lokið við að greiða úr gjaldskyldufrumskógi bílastæða í miðborginni?

Á borgarstjórnarfundi 16. júní sl. var samþykkt [tillaga](#) um að fela umhverfis- og skipulagsráði að útfæra umtalsverðar breytingar á bílastæðamálum borgarinnar. Á fundi



Reykjavík



umhverfis- og skipulagsráðs þann 2. september voru samþykktar útfærðar tillögur (sjá [fundargerð](#) liður nr. 4 og nr. 6). Samþykkt var að breyting á gjaldskyldunni tæki gildi 1. október og bílastæðahús borgarinnar yrðu opin allan sólarhringinn frá og með 1. janúar 2027. Þessar breytingar eru fyrsta skrefið í heildarendurskoðun gjaldskyldukerfis á bílastæðum í borgarlandi, með það að markmiði að einfalda og samræma kerfið og laga það betur að þörfum íbúa, rekstraraðila og gesta miðborgarinnar. Sú vinna verður unnin í formlegu samráði við íbúa og rekstraraðila, meðal annars með könnun á reynslu þeirra og viðhorfum til gjaldskyldu og bílastæðamála. Endurskoðun í heild sinni og útfærsla mun ligga fyrir í janúar 2027.

Hvaða aðskotahlutir hafa verið fjarlægðir úr bílastæðum í miðborg?

Búið er að fjarlægja hjólaboga af Ingólfsstræti og fjarlægja hjólahús við Tjarnargötuna sem var í stæði, einnig hafa gróðurker verið fjarlægð úr bílastæðum í Hafnarstræti. Í lok mánaðarins verður svo búið að fjarlægja aðskotahluti úr bílastæðum við Kalda á Klapparstíg, Café Babalú á Skólavörðustíg og Bingó í bílastæðahúsinu við Skólavörðustíg. Unnið er að frekari útfærslum á fleiri stöðum.

Hver var afrakstur endurskoðunar fyrirhugaðs deiliskipulags við Suðurlandsbraut, fyrst þeirri vinnu er lokið?

[Tillaga](#) var samþykkt á borgarstjórnarfundi þann 2. júní sl. að endurskoða deiliskipulagið, í framhaldinu hafnaði umhverfis- og skipulagsráð deiliskipulaginu formlega. Yfirstandandi er vinna við gerð nýs deiliskipulags sem tekur meira tillit til atvinnurekstrar á svæðinu og málið er því í eðlilegu ferli

Það er búið að treysta markaðnum til að byggja húsnæði sem eftirspurn er eftir samkvæmt verkefnalistanum, hvernig er eftirfylgnin með því?

Þann 1. júlí sl. var samþykkt tillaga í umhverfis- og skipulagsráði þess efnis að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra tillögur að breyttum stefnum og viðmiðum sem miða að því að uppbygging húsnæðis sé í takt við eftirspurn á markaði. Á fundi 2. sept. sl. voru lagðar fram niðurstöður þess efnis að framvegis verði ekki sett stíf bindandi hlutfallsviðmið um stærðir og herbergjafjölda í deiliskipulag, fyrir einstaka byggingareiti. Uppbyggingaraðilar hafi þannig aukið svigrúm við hönnun bygginga til að ákvarða íbúðasamsetningu með hliðsjón af eftirspurn og þörfum markaðarins. Einnig verður við helstu borgargötur og innan helsta miðsvæðis stuðlað að, eftir því sem kostur er, virkum og aðlaðandi jarðhæðum. Ákveðin krafa um tiltekna atvinnu-, verslunar- og / eða þjónustustarfsemi, í deiliskipulagi, skal aðeins sett þar sem staðsetning, eftirspurn og skipulagsleg markmið gefa sérstakt tilefni til.

Hvaða ný tækifæri er búið að skoða í samráði við íbúa í stað þéttingar í Grafarvogi?

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí sl. var tillögum um þéttingu sem stóð til að framkvæma í Grafarvogi hafnað og vísað aftur til umhverfis- og skipulagsráðs.. Nú stendur til að funda með íbúum og íbúasamtökum Grafarvogs á næstu vikum

Hvernig er búið að tryggja að bílastæði fylgi nýjum íbúðum sem byggðar eru fyrir eldra fólk?

Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík var breytt 2. september sl. í umhverfis- og skipulagsráði. Þar var afnumið hámark bílastæða við nýbyggingar og/eða endurnýjun byggðar.

Hvar er tilkynningavefurinn vegna ofbeldis gagnvart eldra fólki?

Samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 13. ágúst sl. að fela velferðarsviði í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið að einfalda tilkynningar um ofbeldi með beinum



Reykjavík



tengingum af vef Reykjavíkurborgar inn á tilkynninga- og ráðgjafarleiðir 112. Sú vinna er í gangi inná velferðarsviði og gert ráð fyrir að þessi tenging komi upp á næstunni.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari